

Reykjavíkurborg
MenntasviðFÉLAGSLEG MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR

Fullorðinsfræðsla er hluti þeirrar þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir íbúum sínum. Hugtakið félagsleg menntastefna byggir á þeirri hugmynd að menntun hvetji fólk til sjálfshjálpar og aukinnar samfélagsþátttöku. Reykjavíkurborg veitir þeim íbúum sem standa höllum fæti annað tækifæri til náms með það fyrir augum að jafna aðgang þeirra að atvinnulífi, símenntun og lýðræðislegri umræðu og auka þannig lífsgæði þeirra.

> Náms- og starfsráðgjöf

> Sjálfstyrking

> Grunnám

> Sérkennsla fyrir fullorðna

> Svelgjanlegt nám

> Íslenska fyrir útlendinga

Hlutverk Námsflokka Reykjavíkur

Það er á ábyrgð Námsflokka Reykjavíkur að félagslegri menntastefnu sé framfylgt í samvinnu við öll svið borgarinnar. Námsflokkarnir kappkosta náð samstarf við aðra fræðsluaðila og leita eftir samvinnu við önnur sveitarfélög. Námsflokkarnir hafa frumkvæði að því að settar verði reglur um slíkt samstarf.

Námsflokkar Reykjavíkur aðstoða borgarbúa við að efla þekkingu sína og færni. Þá er einkum átt við þann hóp sem minnsta formlega menntun hefur eða stendur höllum fæti af einhverjum ástæðum. Námsflokkarnir stuðla að umræðu um málefni fullorðinsfræðslu innan borgarkerfisins og utan þess. Námsflokkarnir hafa frumkvæði að því að til verði námsleiðir fyrir ofangreindan markhóp í samráði og samvinnu við aðrar borgarstofnanir og fræðslustofnanir eftir því sem við á.

Námsflokkarnir sjá til þess að í boði sé

- Markviss náms- og starfsráðgjöf fyrir almenning til leiðbeiningar um náms- og starfsval og námstækni.
- Markviss sjálfstyrking nemenda til að takast á við nám sitt og önnur hlutverk í lífinu.
- Nám sem hentar þeim sem minnsta formlega menntun hafa bæði hvað varðar aðferðir og innihald.
- Sérkennsla fyrir fullorðna sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða
- Aðstoð við að hefja nám í framhaldsskólum óháð aldri.
- Kennsla í íslensku fyrir útlendinga.

Námsflokkarnir stefna að sveigjanleika í kennsluháttum og skipulagi þannig að þeir geti mætt þeim námsþörfum sem brýnastar eru hverju sinni.

Námsflokkarnir geta haldið námskeið í samvinnu við önnur svið borgarinnar er lúta að sí- og endurmenntun starfsmanna.

Námsflokkarnir endurskoða forgangsöröðun verkefna árlega.